


Kæru leikskólastjórar og aðrir viðtakendur!

Mér er það mikil ánægja að tilkynna ykkur að nýtt kennsluefni í tónlist og hreyfingu fyrir 4–6 ára leikskólabörn, **Hring eftir hring**, er væntanlegt í byrjun janúar 2009.



Á baksíðu bókarinnar er eftirfarandi texti sem lýsir innihaldi hennar vel í stuttu máli:

Hring eftir hring er ný og vönduð bók um tónlist og hreyfingu. Hún geymir fjölbreytt safn gamalla og nýrra hugmynda og er ætluð starfsfólki leikskóla og þeim sem vilja fræðast meira um tónlistar- og hreyfiuppeldi. Höfundur bókarinnar hefur áralanga reynslu í tónlistarkennslu barna og hefur á síðustu árum viðað að sér efni og upplýsingum sem lesendur **Hring eftir hring** fá nú notið.

Undirstaða námsefnisins **Hring eftir hring** er meistaraþrófsritgerð mín, Leikskólabarnið, hvernig verður gott námsefni til?, sem ég ritaði við tónlistarháskólann Mozarteum í Salzburg í Austurríki vorið 2006.

Hring eftir hring skiptist í 14 les- og verkefnakafla, hún er 212 A4-blaðsíður að lengd og inniheldur yfir 100 ljósmyndir efninu til skýringar. Bókinni fylgja einnig tveir geisladiskar með þeim 79 sönglögum sem í bókinni eru auk tónlistar við dansa og hlustunarefni.



Til þess að veita ykkur innsýn í kennsluefnið hef ég ákveðið að bjóða upp á þriggja klukkustunda námskeið sem ætti að gefa glögga hugmynd um hvernig nýta má efnið til þess að setja saman fjölbreyttar tónlistar- og hreyfistundir. Eins og segir í hugleiðingu í inngangi bókarinnar:

*Ég hvet þig, kæri lesandi, til að nýta þér þann innblástur sem efni-
viðurinn vonandi veitir þér til að gefa sköpunargleði þinni byr undir
báða vængi og svífa óhræddur með börnunum á vit ævintýrisins sem
er ávallt á næsta leiti og fagnar sérhverri nýrri hugmynd opnum örmum.*



Sem stendur er **Hring eftir hring** aðeins fáanleg hjá mér.

Í janúar og febrúar ætla ég að bjóða ykkur kennsluefnið á 24.900 kr.

Innfalið í því er námskeið fyrir tvo leiðbeinendur (með hverri bók) einn morgun í janúar eða febrúar. Án námskeiðs kostar bókin 19.900 kr.

Það er hægt að greiða fyrir og eftir áramót, skipta greiðslu og eftir samkomulagi.

Ef áhugi og næg þátttaka reynist fyrir hendi er möguleiki á að ég komi í heimsókn í þéttbýli landsbyggðarinnar til að fylgja bókinni eftir.

Eftirfarandi námskeið verða í boði:

FULLBÓKAÐ

Miðvikudaginn 28. janúar kl. 9–12

í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, Engjateigi 1, Rvk.

Föstudaginn 6. febrúar kl. 9–12

í Kramhúsinu, Bergstaðastræti 12, Rvk.

Miðvikudaginn 11. febrúar kl. 9–12

í Kramhúsinu, Bergstaðastræti 12, Rvk.

Miðvikudaginn 18. febrúar kl. 9–12

í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, Engjateigi 1, Rvk.

Hámarksfjöldi á hvert námskeið er 26 manns.

Peir sem vilja nýta sér bókar- og námskeiðstilboð eru beðnir að skrá sig sem fyrst, í síðasta lagi 10. febrúar 2009, á netfanginu elfalilja@gmail.com þar sem einnig má fá allar frekari upplýsingar. Mikilvægt er að nafn leikskóla komi fram við skráningu og pöntun.

Með einlægri von um að kennsluefnið Hring eftir hring eigi eftir að nýtast ykkur vel og lengi,

Elfa Lilja Gísladóttir, *tónlistarkennari*

elfalilja@gmail.com